

**116. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 25.
janúar 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný
Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra
Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður
Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011

Ráðgjafar hjá Arkís ásamt Ólöfu G. Valdimarsdóttur mæta til fjarfundar til að
ræða um sorp-, úrgangs- og fráveitumál.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd mun endurskoða og móta stefnu um umhverfis-
og náttúruverndarmál.

Um er að ræða kafla um NÁTTÚRU OG SAMFÉLAG í greinargerðinni.

Undirkaflar eru:

- 2 STAÐHÆTTIR sem fjallar um forsendur.
- 3 NÁTTÚRUVÁ sem fjallar um loftslagsbreytingar og sjávarrof.
- 4 LÍFRÍKI OG LANDSLAG sem fjallar um náttúruminjar, hverfisvernd í
dreifbýli, friðlýst svæði og skógrækt.
- 5 VATN, LOFT OG HLJÓÐ
- 6 ÓBYGGÐ SVÆÐI
- 10 ÚTIVIST, OPIN SVÆÐI OG ÍÞRÓTTIR, Almenn útivistarsvæði skv. töflu
10.1 og kafla 10.1 Hverfisvernd - skrudgarðar.

Er núverandi stefna fullnægjandi (engar breytingar.)

Hvað hefur breyst í núverandi stefnu, hvað er búið að gera og dettur út, ný
viðhorf, nýjar áætlanir, framtíðarsýn. Hefur breytingin áhrif á landnotkun?

Lagt er til að nefndin haldi sérstakan fund um stefnumótunina.

Annars vegar er um að ræða greinargerð gildandi aðalskipulags og hins vegar
uppdretti (þéttbýlisuppdrott, dreifbýli norðan Djúps og dreifbýli sunnan Djúps).

*Vinna við uppfærslu greinargerðar aðalskipulags, kynnt af ráðgjöfum Arkís, fyrir
nefndinni.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir